

Verið velkomin á eftirtalda staði



Kjósín er austan og sunnan Hvalfjarðar. Hreppamörk Kjósarhrepps og Hvalfjarðarsveitar liggja um Botnsá, Hvalvatn og Botnssúlur. Að austan liggja mörkin á móti Þingvallasveit um Botnssúlur; Sýsluhólma í Laxá ofan Þórufoss og Esju. Mörkin á móti Kjalarnesi liggja um Esju, Kerlingargil og Kiðafellsá. Kjósín er um 300 ferkílómetrar að stærð. Landbúnaður er aðalvinnugreinin í hreppnum. Um 600 sumarhús eru í Kjósarhreppi og íbúðarhúsum fjölga ört og er sótt vinna frá þeim mörgum hverjum utan sveitar.



Samansafnið á Kiðafelli

Á fjósloftinu á Kiðafelli hefur verið komið fyrir fjölbreyttu safni gamalla muna í viðeigandi umhverfi. Þar má m.a. skoða gamlar búvélar og bifreiðar, stríðsminjar, sjávar- og landbúnaðarminjar, ásamt fjölmörgu öðru sem haldið hefur verið til haga frá fyrri tímum. Allir ættu að koma auga á eitthvað áhugavert í safninu og þar eru margir hlutir sem koma gestum skemmtilega á óvart svo sem einn elsti isskápur landsins, áfengisbók fyrir karla frá skömmtnarárnum og hvalskurðarhnifur Halldórs Blöndals. Safninu hefur áskotnast ónotað hermannatjald frá 1942 sem verður stillt upp ásamt öðrum herminjum. Nýjasti gripur safnsins er sennilega elsta rafmagnspvottavél landsins, af þýskri gerð, þar sem blandað er saman fornri uppbyggingu trépotta og frumlegum rafmótor. Safnið er almennt opið eftir samkomulagi og er vinsæll viðkomustaður í óvissu- og starfsmannaferðum.

Opið frá kl. 13-17, s: 566 7051, 896 6984, kidafell@emax.is



Eyrarkot

Eyrarkot er ferðaþjónustubær ofan við Hvalfjarðareyri og þar er hægt að leigja ýmist stök herbergi, húsið eða salinn. Aðstaða er fyrir 30-40 manns í salnum og húsið tekur 10 í gistingu. Á Kátt í Kjós verður mikið fjör og trall. Boðið verður uppá ferðir á heivagni fyrir börn og fullorðna og er ferðin á 100 kr, keyrt verður niður í fjöru. Ragnhildur Jónsdóttir verður þar með álfaspilin sín og kynnrir bókina Galdratákn guðanna, rúnabók eftir Jóhönnu Harðardóttur. Handverk eftir Sigurbjörn á Kiðafelli er til sölu. Myndlistarkonan Kristín Guðmundsdóttir sýnir verk sín og er það sölusýning. Strákarnir í hljómsveitinni Múgsefjun koma og spila á milli klukkan fjögur og fimm. Rjúkandi kaffi og meðlæti selt á staðnum.

Opið frá kl. 13-17, s: 692 3025, begga@emax.is




Kaffi Kjós

Kaffi Kjós er þjónustumiðstöð staðsett í suðurhlíð Meðalfells, með góðu útsýni yfir Meðalfellsvatn, í raunverulegu sveitaumhverfi. Þar eru margir möguleikar til skemmtilegrar útivistar og afþreyingar. Kaffi Kjós var opnað 1998 og hafa sömu aðilar rekið staðinn síðan. Þar er lögð áhersla á að fólk geti notið veitinga í heimilislegu andrúmslofti. Á Kaffi Kjós er unnið eftir umhverfisstefnu.

Þann 17. júlí 2010 verður hoppukastali við Kaffi Kjós og fleira skemmtilegt.

Opið frá kl. 12-22, s: 566 8099, 897 2219
kaffikjos@kaffikjos.is, www.kaffikjos.is



Meðalfellsvatn

Veidikortið og Veidifélagið Hreggnasi, sem er leigutaki vatnasvæðis Laxár, bjóða frítt í veiði í Meðalfellsvatni á milli kl. 13 og 17. Þeir sem vilja nýta sér það geta kynnt sér upplýsingar um vatnið á veidikortid.is.



Meðalfellsvatn er 2 km² að flatarmáli. Mesta dýpi vatnsins er tæplega 19 m og meðaldýpi er 4,4 m. Dýpsti hluti þess er að austanverðu en meginhluti þess er tiltölulega grunnur (2-4 m). Vatnasvið Meðalfellsvatns er um 39 km². Í það sunnanvert renna smáárnar Flekkudalsá með upptök í Flekkudal í norðanverðri Esju og Sandsá með upptök í norðanverðum Móskaðshnjúkum. Úr Meðalfellsvatni norðvestanverðu fellur áin Bugða sem rennur í Laxá.

Frítt í veiði frá kl. 13-17, www.veidikortid.is



Hurðarbak

Vorið 2002 vígði séra Pétur Þorsteinsson, prestur Óháða safnaðarins í Reykjavík, sérstakan grafreit fyrir húsdýr í landi Hurðarbaks í Kjós. Dýragrafreitirinn er sá fyrsti sinnar tegundar hér á landi. Garðurinn er staðsettur í fallegu og vinalugu umhverfi við Laxá í Kjós. Á undanförunum árum hafa dýravirni í sívaxandi mæli óskað eftir legstað í garðinum fyrir látin dýr. Þar hvíla nú á þriðja hundrað dýr, stór og smá, hvert í sérstökum reit og geta eigendur þeirra komið og vitjað þeirra hvenær sem er. Meðal þeirra sem þar hvíla er hið landsþekktu naut Guttormur, sem ól aldur sinn Húsdýragarðinum. Þar eru einnig horfnir gæðingar, ásamt þeim dýrum sem fólk hefur haft inni á heimilum sínum. Gestir eru boðnir innilega velkomir að koma og skoða garðinn. Umsjónarmaður og eigandi garðsins er Guðný G. Ívarsdóttir, Flekkudal.

S: 566 7052, 899 7052, gudnyji@simnet.is



Ásgarður

Myndin Liljur vallarins eftir Þorstein Jónsson verður sýnd kl. 13 og kl. 15 í Ásgarði en sögusvið myndarinnar er Kjósín. Í myndinni er tekst á við stóru spurningarnar – um Guð, tilgang lífsins og dyggðirnar. Þorsteinn mun svara fyrirspurnum eftir sýninguna kl. 13. Kjósarmyndin frá 1952 verður svo sýnd kl. 16.30. Í Ásgarði verða gamlar bækur úr bókasafni hreppsins til sölu og kosta allar bækur 100 krónur. Hægt verður að skoða gamlar myndir frá skólaárunum og sögusýningu um Reynivallakirkju sem sett var upp í tilefni af 150 ára afmæli hennar árið 2009, ásamt sýningu um sögu Kvenfélags Kjósarhrepps. Kvenfélag Kjósarhrepps verður með kaffi og kleinur til sölu.

Opið frá kl. 13-17



Reynivellir

Lítið skírnarfat – löng saga
Séra Gunnar Kristjánsson sóknarprestur flytur erindi um skírnarfatið í Reynivallakirkju, uppruna þess og sögu.

Skírnarfatið er nátengt miklum atburði í sögu Kjósarinnar; það tengist sögu byggðarinnar, nánast hverri fjölskyldu beint eða óbeint, einstökum persónum, samskiptum við útlönd auk þess sem það leiðir hugann að mikilvægu hlutverki skírnarinnar. Hver gerði skálina, hver gaf hana, hvaða barn var fyrst skírt við hana? Margar áhugaverðar spurningar vakna. Jafnframt fá kirkjugestir fróðleik um kirkjuna sem varð 150 ára á s.l. ári.

Erindið hefst kl. 16 í Reynivallakirkju.



Neðri Háls

Á Neðra Hálsi er stunduð lífræn mjólkurframleiðsla. Ábúendur eru Kristján Oddsson og Dóra Ruf. Þau stofnuðu einnig fyrirtækið Biobú ehf í Reykjavík, sem er einkiskonar framlenging á búinu. Í Biobú fer fram fullvinnsla á lífrænni mjólk frá Neðra Hálsi, Búlandi í Landeyjum og Finnastöðum í Eyjafjarðarsveit sem nýlega hefur komið til samstarfs. Neðri Háls er einnig þátttakandi í verkefninu Beint frá býli. Boðið verður upp á fræðslu um lífrænan landbúnað og gefið smakk á fullnum lífrænum mjólkurafurðum svo sem jóгурt, skyri, smjóri, mjólkurís og sorbet ís. Allt þetta verður kryddað með góðri undirliggjandi músík. Þarna gefst gott tækifæri til að setja sig í lífrænan gir með því að hlusta, þefa og smakka. Og munið: Allt lífrænt og kaffið líka og þar fer nú að muna um hollustuna!

Opið frá kl. 13-17, s: 566 7035, 894 9567
kristjan@biobu.is, www.biobu.is

Kvenfélag Kjósarhrepps á 70 ára afmæli 2010. Konurnar í hreppnum hafa komið að ýmsum málum í gegnum tíðina og hafa ýmis fleyg orð verið látin falla. Hér eru nokkur skemmtileg brot úr fundargerðum félagsins frá árunum 1940-1965.

Kvenfélagskona flutti eitt sinn ræðu um alheimsmál, um nauðsyn þess að koma á einu tungumáli í heiminum. Hún kvaðst vilja að konur allsstaðar á hnettinum beittu sér fyrir að komið yrði á slíku alheimsmáli, hvort sem það væri esperanto eða íslenska. Lögð var fram áskorun til Kvenfélagasambands Íslands að beita sér fyrir því.

Kvenfélagskonur keyptu vefstól 1942 og alltaf stóð til að halda námskeið á hann sem ekki varð af. Kvenfélagskona lagði til að efnt yrði til vefnaðarnámskeiðs á tíu ára afmæli vefstólsins. Hélt hún að hann yrði meira notaður ef konur almennt lærðu að vefa. Var ákveðið að hafa þetta í huga ef úr rættist með efni.

Kvenfélagskona átti að flytja fræðsluþátt og kvaðst hún ekki geta frætt konur um neitt, því hún kynni lítið að sauma og enn minna að þrjána, vefnað hefði hún varla séð og mjög væri hún ófullkomin í matargerð. Í bóklegum fræðum kynni hún heldur ekki neitt. Svo kvaðst hún ekki hafa meira að segja.

Ein kona kom með þá uppástungu að farið yrði á grasafjall til búdrýginda fyrir konurnar, því eins og horfur væru nú með mjólmot og annað, þá veitti ekki af að notfæra sér það sem landið hefði að bjóða. Urðu um þetta fjórugar umræður, ein vildi fara fljúgandi, önnur í bíl, aðrar á hestum og svo framvegis.

Kona ein kom með uppástungu á kvenfélagsfundi um það að félagið beitti sér fyrir því að koma kvenmanni í hreppsnéfn, næst þegar kosið yrði. Fékk þetta frekar daufar undirtektir og önnur fundarkona sagðist ekki þekkja neina sem hún treysti í þetta starf og mátti sjá að fleiri hugsuðu það sama. Föll svo málið niður.



Hvammsvík



Heyrúlluskreytingar



Í Hvammsvík er afbragðs aðstaða til útivistar fyrir alla fjölskylduna. Þar er níu holu golfvöllur, hæfilega erfiður fyrir byrjendur og lengra komna. Fyrir þá sem vilja renna fyrir fisk er veiðivatn í Hvammsvíkinni, blanda af ferskvatni og sjó. Í vatnið er sleppt regnbogasilungi og veiðimenn geta keypt 5 fiska kvóta sem nota má til 20. september 2010.

Fyrirtaks aðstaða er á svæðinu fyrir fjölskyldur sem og starfsmannahópa en í Hvammsvík er tjaldsvæði, fullbúin grillaðstaða og aðstaða til að matast, jafnt innan dyra sem utan. Góð aðstaða er til að stunda kajaksiglingar í sjó og geta hópar pantað ferð ásamt leiðsögumanni með nokkurra daga fyrirvara. Í fjörunni er mikið um krækling og fuglalífið er einstakt. ÍTR sér um rekstur á svæðinu í Hvammsvík sumarið 2010. Þann 17. júlí verður frítt í golf og 20% afsláttur af veiðinni í vatninu.

S: 695 5123, www.hvammsvik.is, hvammsvik@itr.is



Ku.is er nýtt fyrirtæki á markaðnum sem sérhæfir sig í framleiðslu mygluosta. Fyrirtækið er rekið af fjölskyldunni að Eyjum II í Kjos og aðilum tengdum henni. Í Félagsgarði mun fyrirtækið m.a. kynna nýjan hvítmygluost sem hefur fengið nafnið Ljúflingur. Á boðstólum verður einnig nýjung sem ekki hefur verið framleidd hérlendis áður. Verið velkomin að koma og smakka!

S: 412 3100 / 825 6502, www.ku.is, ku@ku.is



Sú nýbreytni gerðist á kvenfélagsfundum að skírt var barn hjónanna Málfríðar og Gunnars og hlaut barnið nöfnin Kristín Gunnfríður. Tillaga kom frá einni fundarkonu að hún vildi að allar konur létu skíra barn þegar þær hefðu fund hjá sér, en þær treystu sér ekki til að samþykkja þetta að minnsta kosti yrðu þær að hafa langan fyrirvara.

Útivistarsvæði í Kjos

Mikil og góð útivistarsvæði frá náttúrunnar hendi eru í Kjosinni. Fjörur eru aðgengilegar og Hvalfjarðar-eyrin er vinsæll útivistarstaður. Þá er Meðalfellsvatn vinsælt veiðivatn og geta allir fengið keypt veiðileyfi í það. Laxá og Bugða eru meðal bestu veiðiáa landsins, enda umsetnar og kræklingafjörur eru með besta móti í Hvalfirði. Í Hvammsvík er öflug þjónusta við útivistarfólk og á Hvítanesi eru áhugaverðar herminjar sem hægt er að ganga um. Á jörðinni Fossá hefur verið stunduð skógrækt um árabil og er nú frjálss aðgangur að því svæði til útveru í frábæru umhverfi. Einnig hefur Brynjudalurinn löngum heillað til útistar en þar er mikill skógur og Botnssúlur rismiklar í næsta nágrenni. Handan við Hríshálsinn blasir Glymur við og Hvalvatn er þar fyrir ofan. Ekki má svo gleyma gönguleiðinni um Leggjarbrjót á Þingvöllum sem er vinsæl gönguleið og fjölfarin.

Gefið hefur verið út myndkort af Kjosarhreppi sem sýnir göngu- og reiðleiðir ásamt öllum helstu örnefnum, bæjum og þjónustuaðilum í hreppnum. Fróðleikur er á bakhlíð kortsins um helstu sögu- og náttúrustaði, bæði á íslensku og ensku.

Þá er einnig fáanlegt kort og leiðarlýsing um hringleiðina um Hvalfjörð. Mikill fróðleikur er á bakhlíð kortsins sem er ómissandi þeim sem vilja skoða fjörðinn og fræðast um sögu hans.

Kortin eru fáanleg í Ásgarði.



Íslandsmeistaramót Poulsen í heyrúlluskreytingum

Á Laxárnestúninu neðan við Félagsgarð, á milli kl. 13.30 og 15.30, gefst áhugasömum kostur á að taka þátt í keppni um að skreyta plastaðar heyrúllur með frjálstri aðferð. (Ath. ekki má gata rúllurnar). Verslunin Poulsen styrkir keppnina en verslunin er með fjölbreytt úrval af landbúnaðarvörum og er upphaldsverslun hvers bónda. Hver þátttakandi fær eina rúllu til að skreyta að eigin vilja. Þátttakendur fá málningarsprey en geta líka komið með sína eigin liti eða annað efni til skreytingar. Skráning fer fram á staðnum en þátttakendur skrá nöfn sín á þátttökublað og fá úthlutað númeri sem þarf að auðkenna viðkomandi heyrúllu. Best skreyttu rúllurnar verða síðan valdar kl. 16.00 og nöfn vinningshafa birt á kjos.is.

Umsjón hafa Jóna og Kristín í Miðbúð, jonathors@simnet.is



Í upphafi eins kvenfélagsfundar var sýnikennsla í notkun hártoppa og hárkolla. Kemur fram í fundargerð að þessi kvöldstund hafi verið til mikils fróðleiks fyrir konurnar. Margar hafi fengið þarna svo dýrðlegan höfuðbúnað að þær hafi varla þekkt sína eigin ásjónu er þær litu í spegil.

Sveitamarkaður í FÉLAGSGARÐI

Í Félagsgarði, félagsheimili Ungmennafélagsins Drengs, er sveitamarkaður og kynning á ýmsum framleiðsluvörum. Meðal þess sem er í boði er prjónavara, handverk, listmunir, sultur og margt fleira. Matarbúrið á Hálsi, Sogn og Bangsi á Heiðabæ verða með vörur sínar á boðstólum og Kvenfélag Kjosarhrepps er með veitingasölu. Sérstakt borð verður þar sem börn geta komið og selt leikföngin sín.

Á útisvæðinu verða hestar frá Þorláksstöðum, heimalningar, geitur, hvólpar og ýmislegt annað.

Í sölubásnum er ekki tekið við kortum en hægt verður að taka út reiðufé á staðnum.

Opið frá kl. 12-17
S: 899 7052, oddviti@kjos.is



Bændasamtökin reka verkefnið „Opinn landbúnaður“ og taka þátt í Kátt í Kjosinni með stuðningi sínum ásamt því að leggja til fræðslu efni fyrir börnin.

Kátt í KJÓSINNI

Opinn dagur laugardaginn
17. júlí 2010



KJÓSARHREPPUR

Ásgarður Kjos | 276 Mosfellsbær
Sími: 566 7100 / 566 7001 | Fax: 566 8571
Netföng: kjos@kjos.is, oddviti@kjos.is
Veffang: www.kjos.is

